

Nefndasvið Alþingis,
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2012
2012020001

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um menningarminjar, þskj. 370, 316. mál, 140 löggjafarþing.

Við, undirrituð forstöðumenn og starfsmenn höfuðsafnanna þriggja, fulltrúar safnaráðs, FÍSOS og Íslandsdeildar ICOM, tókum undir öll meginatriði í nýjum frumvörpum og fögnum nýju lagaumhverfi. Við teljum að breytt lagaumhverfi muni stuðla að mikilvægum framfaraskrefum á sviði safnastarfs og minjavörslu og skýra hlutverk stofnana.

Nokkrar ábendingar fylgja hér um atriði sem við teljum að geti verið til bóta varðandi frumvarp til laga um menningarminjar. Tillögur að orðalagsbreytingum eru auðkenndar hér fyrir neðan, með breiðlettri þar sem um viðbætur er að ræða, en útstrikun þar sem það á við. Rökstuðningur er í hornklofa.

Þskj. 370 – 140.Íþ, 316. mál - Frumvarp til laga um menningarminjar:

2. bóttur.

II. kafli, 8. gr.

Félög fornleifafræðinga tilnefni ~~einn~~ fulltrúa, ~~Félag norrænna forvarða~~ Íslandsdeild ~~einn~~ fulltrúa... [Forngrifaforverðir eru of fáir á Íslandi og því ekki faglegar forsendur fyrir þessu orðalagi. Hugsa þarf betur skipan ráðsins].

II. kafli, 8. gr.

d. að ~~veita umsögn um styrkumsóknir~~ **úthluta styrkjum** úr fornminjasjóði.

II. kafli, 9. gr.

d. að ~~veita umsögn um styrkumsóknir~~ **úthluta styrkjum** úr húsafriðunarsjóði.

3. bóttur.

III. kafli, 11. gr.

Eftirfarandi feitletraður texti bætist við hlutverk Minjastofnunar:

a. hafa eftirlit með fornleifum í landinu **og byggingararfi, þar á meðal húsum, skipum og bátum.** –[Hér er þá gengið út frá skilgreiningu laganna á byggingararfi, og skip og bátar því talið með í þessari klausu. Lagt er til að orðalagi verði breytt í frumvarpinu á þá leið að skip og bátar séu byggingararfur frekar en forngripir].

b. vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa og **byggingararfs** ásamt fagnefndum,

c. setja reglur um og hafa yfirumsjón með skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa **og byggingaarfs.**

d. halda heildarskrár um allar friðaðar og friðlýstar fornleifar, friðlýsta legsteina og minningarmörk og friðaðan og friðlýstan byggingararf.

III. kafli, 11. gr.

Eftirfarandi setning bætist við **f - lið** í tengslum við hlutverk Minjastofnunar:

Minjastofnun Íslands skal tryggja varðveislu og öryggi menningararfs ef upp koma þær aðstæður innanlands að menningararfur er í hættu vegna mögulegrar eyðileggingar eða sambærilegra aðstæðna. [Lög tryggja að menningarminjar séu ekki fluttar úr landi, en skerpa þarf á heimild af þessu tagi til að tryggja öryggi menningarminja í hættu innanlands, benda má á eftirlitslausa niðurbreðslu gamals skarts í eigu einkaaðila/fyrirtækja í þessu samhengi].

III. kafli, 13. gr.

Eftirfarandi falli út:

~~Í þjónustusamningi milli Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands má fela minjavörðum eftirlit með minjum sem heyra undir Þjóðminjasafn Íslands.~~ [Líklegt til að valda hagsmunaaðrekstrum].

IV. kafli, 15. gr.

...Öll frumgögn vegna skráningar skulu afhent Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu.

[Mikilvægi skráningargagna er ótvírætt. Sem varðveislustofnun er eðlilegt að Þjóðminjasafn Íslands annist vörslu frumgagna allra fornleifarannsóknna, þar með talið skráningargögn].

V. kafli, 18. gr.

Á eftir fyrstu málsgrein komi eftirfarandi setning:

Friðlýsa má skip og báta sem hafa menningarsögulegt gildi.

V. kafli, 20. gr.

Eftirfarandi setning komi á eftir fyrstu setningu:

Minjastofnun Íslands getur ákveðið skyndifriðun skipa og báta sem hafa sérstakt menningarsögulegt, gildi, en hafa þó ekki verið friðlýstir eða njóta lögbundinnar friðunar, sé hætt á að minjunum verði spillt, þær glattist eða gildi þeirra rýrt á nokkurn hátt. [Þar sem 20. gr. tekur einungis til skyndifriðunar á "staðbundnum menningarminjum" er þörf á að tilgreina skip og báta sérstaklega].

VII. kafli, 29. gr.

...Öll söguleg hús á safnsvæðum, sem teljast til safnkosts, eru friðuð. [Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að kveða úr um þetta í lögum, enda er hér átt við þau hús sem tilheyra safnkosti viðkomandi safna. Þar á meðal hús í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands].

VIII. kafli, 40. gr.

Við bætist eftirfarandi:

Þjóðminjasafn Íslands annast forvörslu forngripa og varðveitir þá. Viðkvæmum forngrípum (s.s. lífrænum gripum og málmgrípum) skal komið til forvörslu eins fljótt og auðið er til að tryggja langtímarvarðveislu þeirra.

[Forngripir eru margir hverjir viðkvæmir og mikilvægt að forverja þá til að tryggja langtímarvarðveislu. Þar sem gripunum skal skila til Þjóðminjasafns er gert ráð fyrir að þeir séu eign ríkisins, sbr. 26. gr. Forsendur fyrir mati á forvörslu þarf að fara fram á grundvelli varðveislu þeirra og hana þarf að framkvæma þar sem fagþekking og tækjabúnaður er til staðar. Brýnt er að lögin taki afstöðu til þessa, þar sem ekki er hægt að tryggja varðveislu forngripa ef forvarsla þeirra er háð styrkveitingum til rannsóknaraðila. Aðgengi að gripunum til rannsókna yrði tryggt, annað hvort á Þjóðminjasafninu, eða með útláni til annars safns (sbr. 5. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011)

[Afar mikilvægt er að veitt verði fjárveiting til þess að ráða forvörð til starfa við

Þjóðminjasafn Íslands til þess að tryggja varðveislu og þjónustu við rannsóknaraðila. Þarf að koma fram í greinargerð].

X. kafli, 42. gr.

Út falli eftirfarandi hluti úr setningu: ..., ~~svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja~~. [Eðlilegra er að skip, bátar og önnur samgöngutæki verði styrkt sem byggingararfur úr húsafriðunarsjóði).

X. kafli, 43. gr.

Við bætist eftirfarandi feitletraður hluti aftan við setninguna: **Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds byggingararfs sem hefur menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.**

[Eðlilegra er að skip, bátar og önnur samgöngutæki verði styrkt sem byggingararfur úr húsafriðunarsjóði).

XI. kafli, 45. gr.

1. Forngripi skv. 3. gr., **einnig hluta úr þeim eða sýni**, ... [mikilvægt að taka fram að einnig er fjallað um hluta úr gripum og sýni, svo sem úr fornleifauppgröftum].

XI. kafli, 45. gr.

2. Hluta, **eða sýni**, ... [mikilvægt er að taka fram að hér er bæði átt við hluta og sýni].

XI. kafli, 46. gr.

... ~~viðkomandi höfuðsafna og þeirra safna~~ og stofnana.

XI. kafli, 46. gr.

Eftirfarandi setning komi til viðbótar við ákvæði greinarinnar:

Komi Minjastofnun Íslands í veg fyrir flutning menningarverðmæta úr landi á þeim grundvelli að um þjóðarverðmæti sé að ræða skal ráðherra taka endanlega afstöðu til þess hvort útflutningur verði heimilaður eða stöðvaður á þessum grundvelli. Verði niðurstaða ráðherra sú að stöðva útflutning skal ráðuneytið tryggja varðveislu og öryggi umræddra verðmæta. [Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að bæta ákvæði af þessu tagi við löggjöf um útflutning menningarverðmæta. Óeðlilegt er að löggjöfin geri ráð fyrir því að unnt sé að koma í veg fyrir að mikil menningarverðmæti séu flutt úr landi, en tryggi ekki áframhaldandi varðveislu verðmætanna innanlands].

Einnig:

Athugasemdir um meginefni frumvarpsins, 1. liður, bls. 21.

Í athugasemdum um meginefni frumvarpsins, í 1. lið á bls. 21 kemur fram að Þjóðminjasafni Íslands og Minjastofnun Íslands sé gert að halda skrá yfir þjóðminjar, þ.e. lausamuni annars vegar og jarðfastar minjar hins vegar. Þarna mætti hvetja til eftirfarandi:

Umræddar stofnanirnar komi sér saman um hinn sameiginlega menningarsögulega gagnagrunn SARP.

[Hér er vísað til gagnagrunnsins SARPS sem nýttur er af menningarminjasöfnum og fleiri aðilum, en stefnt er að því að um einn sameiginlegan, miðlægan gagnagrunn verði að ræða, sem verði jafnframt aðgengilegur að hluta á netinu. Þarna hefur þegar verið kostað til mikilla fjárfestinga sem mikilvægt er að nýtist öllum. Ein aðalforsenda sameiningar Fornleifaverndar og Húsafriðunarnefndar á að vera aukin hagræðing og sameiginlegur gagnagrunnur er til mikillar hagræðingar fyrir alla skráningu menningarminja.]

Byggingararfur. [Skilgreina þarf byggingararf þannig að skip og bátar falli þar undir með skýrum hætti. Réttara er að skilgreina slík mannvirki sem byggingararf fremur en forngrípi.]

Forvarsla forngrípa. [Mikilvægt er að tryggja að fjárveitingar sem farið hafa til rannsóknaraðila til forvörslu, fari nú beint sem fjárveiting til Þjóðminjasafns Íslands sem nú taki við skyldum á sviði forvörslu. Það mun tryggja örugga varðveislu jarðfundinna forngrípa og aðgengi allra rannsóknaraðila.]

Með vinsemd og virðingu

f.h. Þjóðminjasafns Íslands; Náttúruminjasafns Íslands; Listasafns Íslands; safnaráðs; Félags íslenskra safna og safnmanna; og Íslandsdeildar ICOM.

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður og formaður safnaráðs
Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands
Helgi Torfason, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands
Guðný Dóra Gestsdóttir, fulltrúi félags ísl. safna og safnmanna í safnaráði
Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs
Jenny Lind Egilsdóttir, fulltrúi sambands íslenskra sveitarfélaga í safnaráði
Ólóf Sigurðardóttir, formaður Íslandsdeildar ICOM
Sigríður Melrós Ólafsdóttir, formaður félags ísl. safna og safnmanna